

Útreikningur Lyfjastofnunar á lyfjaverðskrárgengi

Farið er á heimasíðu Seðlabankans á undirsíðu sem heitir „Tímaraðir í excel“ sjá hér <http://sedlabanki.is/?PageId=3ea6d66d-e51e-4c7b-bb0d-bedc5377e014>

Hakað er við USD, GBP, DKK, NOK, SEK, CHF, EUR, miðgengi, dagsgildi, fimm virkum dögum fyrir gildistöku verðskrár fyrsta dag mánaðar, smellt á sækja.

Út kemur skjal sem hægt er að opna í excel.

	USD	GBP	DKK	NOK	SEK	CHF	EUR
DAGS	MED	MED	MED	MED	MED	MED	MED
9.11.2021	129,91	176,15	20,221	15,261	15,193	141,99	150,4
Sölugengi stuðull	100,2384%	100,2428%	100,2915%	100,2936%	100,2920%	100,2783%	100,2790%
Nýtt gengi	130,2197	176,5777	20,2799	15,3058	15,2374	142,3851	150,8197

Seðlabankinn er hættur að reikna sölugengi sem áður var notað til að reikna lyfjaverðskrárgengi. Á fundum lyfjagreiðslunefndar 2020 var ákveðið að nota miðgengi Seðlabankans og sölugengisfasta til að handreikna Sölugengi áfram, þó tímabundið, þar sem lyfjagreiðslunefnd var lögð niður 31.12.2020 og Lyfjastofnun tók við útgáfu lyfjaverðskrár og þar með gengisreikningum.

Sjá nánar hér <https://verd.lyfjastofnun.is/?pageid=133> í fundargerðum lyfjagreiðslunefndar. Liður 4.3 í fundargerð nr. 316, Liður 8.3 í fundargerð nr. 319 og Liður 10.3 í fundargerð nr. 326

Miðgengi Seðlabankans, upp reiknað með fyrrgreindum sölustuðli er skilgreint sem sölugengi og notað til að uppfæra verð í lyfjaverðskrá fyrsta dag hvers mánaðar.